

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfirði.

Efni: Ytra mat á grunnskóla

Kópavogi 11.10. 2019

Ágæti bæjarstjóri.

Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra mats á grunnskólum fyrir hönd menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga. Vorið 2020 verða 14 grunnskólar metnir og hefur Öldutúnsskóli verið valinn. Markmið með ytra matinu eru meðal annars að vera skólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Ekki er gerður samanburður á skólum heldur notaðar samræmdar matsaðferðir þannig að í öllum skólum verði skólastarfið metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða.

Pungamiðja matsins eru stjórnun, nám og kennsla og innra mat skólans. Skóli, skólaráð eða sveitarstjórn geta komið fram með óskir um að matsteymi skoði sérstaklega einhvern fjórða þátt í starfi viðkomandi skóla svo fremi sem hægt er að meta viðkomandi þátt með þeim gagnaöflunaraðferðum sem notaðar eru í matinu. Ósk um þann matsþátt þarf að berast Menntamálastofnun fyrir 1. desember n.k.

Tveggja manna matsteymi metur starfsemi skóla. Lögð er áhersla á að matsaðilar hafi kennaramenntun og reynslu af grunnskólastarfi, þekkingu á matsfræðum og reynslu af eigindlegum rannsóknaraðferðum. Gæta þarf að sérstöku hæfi matsaðila til að meta viðkomandi skóla sbr. II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Menntamálastofnun tilnefni annan matsaðila og gefur sveitarfélaginu kost á að tilnefna hinn aðilann að höfðu samráði við undirritaða hjá Menntamálastofnun. Kjósi sveitarfélag að tilnefna matsaðila þarf það að tilkynnast fyrir 15. nóvember n.k. til undirritaðrar, thora.bjork.jonsdottir@mms.is. Að öðrum kosti leitar Menntamálastofnun til reyndra og menntaðra aðila sem sótt hafa námskeið um ytra mat.

Síðustu árin hefur framkvæmd ytra mats verið í þróun með það í huga að koma á ferli ytra mats sem nýtist sveitarfélögum og öllum skólum. Meðan á þróun stóð var matið fjármagnað með framlögum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður hefur ákveðið að taka þátt í fjármögnun fyrir hönd sveitarfélaga utan Reykjavíkur þar til fyrsta matshringur er lokið.

Matsaðilar munu hafa samband við skólastjóra vegna gagnaöflunar, fyrirkomulags og framkvæmdar verksins. Ef frekari upplýsinga er óskað er unnt að beina fyrirspurnum til Þóru Bjarkar Jónsdóttur hjá Menntamálastofnun í póstfangið thora.bjork.jonsdottir@mms.is eða í síma 514 7500.

Menntamálastofnun væntir góðs samstarfs við sveitarfélagið og skólana um matið.

Virðingarfyllt,

Þóra Björk Jónsdóttir,
Sérfræðingur, matsdeild.

Afrit:

Skólastjóri Öldutúnsskóla, Valdimar Víðisson

Formaður skólanefndar: Kristín María Thoroddsen

Til upplýsinga einnig sent fræðslustjóra: Fanney D. Halldórsdóttir